



Ferðafélag Rangæinga – skýrsla stjórnar 2023

Megintilgangur félagsins er að skipuleggja ferðir þar sem er gengið, hjólað eða hlaupið um fallega staði og þá einkum í Rangárvallasýslu hinni fornu. Frá því að hreyft var við hugmyndinni að stofnun Ferðafélags Rangæinga í nóvember 2021 hefur áhugi fólks verið góður til þessa starfs og þátttaka í ferðum með miklum ágætum. Aðalfundur félagsins var haldinn þann 29. mars 2023 í Hvolnum á Hvolsvelli og heppnaðist vel. Í stjórn voru þar kosin þau Ágúst Sigurðsson sem forseti og Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Emilía Sturludóttir og Helgi Jóhannesson. Varamenn voru kosin þau Sigríður Theódóra Kristinsdóttir og Sigurður Þór Þórhallsson og skoðunarmenn reikninga þau Þorbergur Albertsson og Sigríður Viðarsdóttir. Árgjald félagsins var ákveðið 8.500 kr. Á fyrsta stjórnarfundum þann 27. apríl var síðan verkum skipt og var ákveðið að Emilía yrði varaforseti, Björn Ingi gjaldkeri, Helgi ritari og Jóhanna Lilja meðstjórnandi. Þá hafði verið leitað eftir því við Gústav Þór Stolzenwald, Gísla Gíslason, Gunnar Nordal, Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur og Húgrúnu Hannesdóttur að skipa ferðanefnd félagsins og samþykktu þau fúslega að taka sæti í nefndinni.

Ferðanefndin skipulagði glæsilega dagskrá fyrir árið og var hún gefin út fyrir áramót síðasta árs. Göngudagskrá ársins var eins og áður annars vegar stuttar kvöldferðir á miðvikudögum og síðan lengri ferðir um helgar. Fjölbreytni var mikil í hinum styttri ferðum en þar var m.a. gengið á Miðfell við Flúðir, hjólað um skógræktina á Tumastöðum og í Tunguskógi,

skokkað meðfram Ytri-Rangá, gengið um Landréttir og næsta nágrenni, gengið á Vatnsdalsfjall og Víkingslækjarbæir heimsótir að ógleymdri ljósagöngu í Efra-Hvolshella með krökkunum. Hvað lengri ferðir varðar þá var m.a. gengið um Vestmannaeyjar í einmunablíðu í aprílmánuði, gengið á Einhyrning, Selsundsfjall og gengin Fossaleið ofan Ásólfskála og frá Háfossi að Stöng í Þjórsárdal.

Frítt hefur verið í allar ferðir FFRang þessi fyrstu ár nema þegar beinn kostnaður hefur verið vegna rútuferða eða skálagistingar. Allar þessar ferðir tókust einstaklega vel og var þátttaka með ágætum í flestar ferðir. Ferðanefndin hélt 5 fundi á árinu til undirbúnings ferðaáætlunar 2024 og stjórnarfundir voru 4.

Upplýsingum um ferðir og annað á vegum FFRang var komið á framfæri í gegnum heimasíðu félagsins á www.ffrang.is, sem sett var upp á árinu í samvinnu við Stefnu hugbúnaðarhús, og Fb síðu sem stofnað var til. Jafnframt var upplýsingum um ferðir komið á framfæri við félagsmenn og þá sem hafa skráð sig á póstlista með tölvupósti.

Félagar í FFRang voru um áramótin 2023/2024 rétt um 200 talsins.

11. júní 2024

f.h. stjórnar FFRang

Ágúst Sigurðsson